

Stjórnarfundur

Fundargerð fimmtudaginn 5. júní 2025

Mættir á skrifstofu félagsins: Heimir Karlsson, Einar Pétur Eiríksson og Árni Sverrisson.

Á fjarfundi: Vignir Traustason, Pálmi Gauti Hjörleifsson, Jón Frímann Eiríksson, Tryggvi Eiríksson og Kristinn Hólmlaug

Formaður (ÁS) bauð alla velkomna og setti fundinn kl. 12:30.

Dagskrá stjórnarfundar

1. ÁS fór yfir excel skjal sem sýndi núverandi mönnun skrifstofu félagsins og launakjör starfsmanna, ásamt kostnaði við breytingar á mönnun. Hann sagði að frá stofnun félagsins 2004 hefðu verið fjögur stöðugildi á skrifstofunni, en frá mars 2023 hefðu starfsmenn verið þrír. ÁS hefur frá 1. Janúar 2023 gengt bæði starfi formanns og framkvæmdastjóra, en bókhaldi félagsins var útvistað frá mars 2023 til Kristins Viktorssonar sem rekur fyrirtækið Félaga og skattaráðgjöf ehf. Grant Thornton ehf. er svo löggildur endurskoðandi reikninga félagsins. ÁS sagði að álag hefði verið mikið á starfsfólk vegna kjarasamninga sem gerðir voru til eins árs 2023 til 2024, og svo endurnýjun allra samninga frá árinu 2024 til fjögurra ára. Auk þess hefði verið talsvert umstang vegna endurnýjunar orlofsíbúða.

ÁS vék af fundi á meðan aðrir stjórnarmenn ræddu málin um mönnun skrifstofu.

Stjórnin fól ÁS að taka saman fyrir næsta stjórnarfund skipurit fyrir skrifstofuna, verkefni hvers og eins, hvaða verkefnum væri haegt að miðla á milli starfsfólks miðað við óbreytta mönnun.

2. ÁS sagði frá því að sameiningartillaga Vísíss félags skipstjórnarmanna á Suðurnesjum við Félag skipstjórnarmanna hefði verið samþykkt á aðalfundinum þann 30. maí sl. ÁS óskaði eftir heimild stjórnar til að ganga frá sameiningunni með formanni Vísíss. Það var samþykkt.
3. ÁS sagði stuttlega frá því að hann og Jóna Brynja hefðu komið fyrir atvinnuveganefnd í vikunni til að ræða veiðigjöld, áhyggjur okkar snúa fyrst og fremst af því að auknar álögur á útgerðina geta beint og óbeint haft áhrif á kjör sjómanna. Einnig er forsenduákvæði í kjarasmningum sjómanna um að ef álögur stjórnvalda aukast hefur útgerðin möguleika á að segja upp samningnum.
4. Rætt var um að við sameiningu Vísíss við FS fjölgar um eina íbúð á Akureyri og einn bústað í Brekkuskógi. Þar með á félagið fimm íbúðir á Akureyri og fimm bústaði í nágrenni við Laugarvatn. Íbúðin og bústaðurinn mun koma fljótlega inn í orlofskerfi okkar. Ljóst er að fimm íbúðir á Akureyri er of mikið og fimm bústaðir í nágrenni Laugarvatns einnig. Ákveðið að gera engar breytingar nema að vel ígrunduðu máli og þá í haust eða vetur.
5. Rætt var um kostnað við styrki, ÁS tekur saman fyrir næsta stjórnarfund upphæðir sem félagið hefur varið í styrki undanfarin ár. Rætt um að setja ákveðinn ramma, ákveðna upphæð sem varið er til styrkja á hverju ári.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 14:10



Árni Sverrisson formaður



Heimir Karlsson fundarritari